

# Skýrsla stjórnar Orkuveitu Húsavíkur ehf. 2005



Aðalfundur 4. apríl 2006

**Skýrsla stjórnar Orkuveitu Húsavíkur ehf. fyrir árið 2005.**


### Almennt.

Stofnfundur Orkuveitu Húsavíkur ehf. var haldinn í fundarsal stjórnsýsluhúss 11. febrúar 2005. Í stjórn félagsins sem kosin var á stofnfundi eru Aðalsteinn Á Baldursson sem jafnframt er stjórnarformaður, Böðvar Bjarnason, og Sigurjón Benediktsson. Stjórn félagsins hélt 14 stjórnarfundum á síðasta starfsári. Auk fastra stjórnarfunda voru fjölmargir vinnufundir framkvæmdastjóra og stjórnarformanns. Orkuveitan er einnig aðili að nokkrum fyrirtækjum og samtökum s.s. Þeistareykjum, Samorku, Exorku, Hrafnabjörgum, Netorku og Íslenskri Orku. Í þessum félögum voru haldnir margir fundir. Á síðasta starfsári voru sjö starfsmenn í fullu starfi hjá fyrirtækinu.

### Hitaveita

Rekstur hitaveitukerfis gekk vel á árinu og jókst salan milli ára úr 94,6 millj. kr í 98,6 millj. kr. árið 2005. Heitavatnssala hefur vaxið á síðustu árum eins og sést á súlurítum hér að neðan. Helstu skýringar eru veðurfarsbreytingar, bættur efnahagur og einnig hefur vatnsmagn til fiskeldis aukist.


Heitavatnsrennsli í dreifikerfi Orkuveitu Húsavíkur 2001-2005



### Vatnsveitukerfi.

Rekstur vatnsveitu var með ágætum á árinu, en vatnsala hefur staðið í stað milli ára og var um 37,5 millj. kr. á árinu 2005. Kaldavatnssala eftir mæli hefur sveiflast að mestu eftir magni rækju sem unnin hefur verið á Húsavík og minnkaði þessi sala úr 11,7 millj. kr. 2004 í 9,7 millj. kr 2005. Tekjur vatnsveitu af vatnsgjaldi hafa aukist með hækkandi fasteignamati. Horfur eru á að vatnssala eftir mæli verði minni á næstu árum, nema tilkomi ný vatnsfrek atvinnustarfsemi, þar sem rækjuvinnslan lagði niður starfsemi í lok árs 2005.

### Kaldavatnssala eftir mæli á Húsavík 2001-2005



### Rafveitukerfi

Miklar breytingar urðu á raforkumálum á síðasta ári. Á árinu 2005 var öllum fyrirtækjum með yfir 100 kW afltopp frjálst að kaupa rafmagn af hvaða raforkusöluaðila sem er, raforkudreifingin er áfram á hendi Orkuveitunnar þótt viðskiptavinir kaupi rafmagnið frá öðrum aðilum. Þessa aðila þarf að tímaraðmæla, þ.e. mæla raforkunotkun klukkustund fyrir klukkustund, og því hafa verið settir nýir mælar á viðkomandi staði ásamt uppsetningu hugbúnaðar þar að lútandi.

Á árinu 2005 ákváðu tveir stórir aðilar að hætta raforkuviðskiptum við Orkuveituna og fara með viðskipti sín til annarra raforkusöluvafyrirtækja. Minni rækjuvinnsla á árinu 2005 kemur fram sem minni raforkunotkun þar sem rækjuvinnslan hefur verið lang stærsti notandi rafmagns á Húsavík.

Raforkusalan 2005 var 73,7 millj. kr. og raforkudreifing 48,8 millj. kr..


Vegna nýrra raforkulaga var þörf á að gjörbreyta verðskrá fyrirtækisins, þar sem skilja þurfti á milli sölu og dreifingu raforku. Unnin var ný verðskrá sem leiddi til töluverðrar lækkunar á raforku. Orkuveitan lækkaði rafmagnsverðskrá í byrjun árs 2005 hjá þeim fyrirtækjum sem kaupa rafmagn samkvæmt afltaxta. Jafnframt var tekin ákvörðun um lækkun á almenna taxtanum 1. janúar 2006, sem nú er sá lægsti á landinu.

Allt ferli vegna raforkukaupa breyttist strax í upphafi árs 2005. Samið var við Hitaveitu Suðurnesja um kaup á raforku og jafnframt að þeir keyptu umframraforku af Orkuveitunni. Gera þurfti spár þar sem áætla þurfti raforkuþörf klukkustund fyrir klukkustund, allt árið. Frávik frá spám geta leitt til töluverðs kostnaðarauka hvort heldur sé um að ræða of- eða vanáætlun.

Haldið var áfram að skipta út gömlum raforkusölumælum á reglubundinn hátt. Um 100 mælum var skipt út fyrir nýja mæla á árinu 2005.

Nýtt raforkuuhverfi er kostnaðarsamara fyrir Orkuveituna en það eldra, þar sem aðkeypt raforka er ríflega tvöfalt dýrari nú. Breytingar á raforkulögum hefðu átt að leiða til hækkunar hjá Orkuveitunni um ríflega 10% vegna aukins kostnaðar við ný raforkulög, en stjórn Orkuveitunnar ákvað að lækka verðskrár um 14% - 20% til að mæta aukinni samkeppni á raforkumarkaði.


**Raforkunotkun á Húsavík 2001-2005**



### Orkustöð

Raforkuvinnsla í Orkustöð var 25% meiri á árinu 2005 heldur en 2004, sem var það mesta í sögu fyrirtækisins. Almennt gekk reksturinn vel ef frá er talinn um mánaðar biðtími eftir varahlutum í áspétti túrbínu á fyrri hluta ársins. Aukninguna á síðustu tveimur árum má rekja til nýrrar túrbínu sem gangsett var á miðju ári 2004.

**Raforkuvinnsla í Orkustöð 2000-2005**



### **Ýmis verkefni**

Á árinu 2005 voru lagðar nýjar lagnir í suðurhluta Höfðavegar og í eina nýja götu, Lyngholt. Lögð var lög frá borholu á Höfða niður að sundlaug og verður sú lög tekin í notkun á fyrri hluta árs 2006.

Stærsta einstaka framkvæmd Orkuveitunnar á síðasta ári var vinna við tengingar á nýrri sorpstöð Þingeyinga, sem tekin verður í notkun vorið 2006. Orkuveitan festi kaup á þurrklefum við Orkustöð sem verða m.a. notaðir til að hýsa tengibúnað sorpstöðvar.

Orkuveitan hóf jarðhitarannsóknir við Skjálftavatn. Svæðið var viðnámsmælt og í kjölfarið var boruð grönn 600 m. djúp rannsóknarhola sem nú gefur mikið magn af 75°C heitu vatni sem hentar vel til hitaveitu og iðnaðar í Kelduhverfi.

Ákveðið var að hefja framkvæmdir við fjarskiptakerfi sem miðaði að því að fyrirtæki og einstaklingar á Húsavík fengju aðgang að ljósleiðaratengingu. Nokkrar stofnanir, þar á meðal stofnanir Húsavíkurbæjar, voru tengdar með ljósleiðara við miðlægan server sem staðsettur er á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, og um leið að sameiginlegri IP símsstöð sem er staðsett á sama stað. Að auki var hafinn undirbúningur að lagningu ljósleiðara að ákveðnum fyrirtækjum í bænum. Þannig varð til vísir að fjórðu veitu Orkuveitu Húsavíkur ehf, en endanleg ákvörðun þar um verður væntanlega tekin á árinu 2006.

Fyrir tilstuðlan nýrra raforkulaga var ljóst að gera þurfti viðamiklar breytingar á bókhaldsuppsetningu fyrirtækisins, sem og á innheimtu- og orkusölukerfi. Einnig þótti nauðsynlegt að bæta upplýsingagrunn fyrirtækisins til að gera fjármálastjórnun markvissari. Nýtt bókhaldskerfi var því tekið í notkun og samhliða var unnið að heildarendurskipulagningu bókhaldsmála. Þá voru miklar endurbætur gerðar á orkusölukerfinu og unnið var að innleiðingu nýrra kerfa og tenginga fyrir söludeild annars vegar og dreifiveitu hins vegar.

Þá vann Orkuveitan að fleiri verkefnum sem ekki er ástæða til að tíunda frekar í þessari skýrslu.

### **Ársreikningurinn**

Ársreikningurinn gefur glögga mynd af afkomu félagsins og er félagið rekið með nokkrum hagnaði þrátt fyrir verulegar verðskrárlækkningar á rafmagni og minnkandi kaldvatns- og rafmagnssölu. Hluta hagnaðar má rekja til gengishagnaðar af erlendum lánum. Ekki verður gerð frekari grein fyrir niðurstöðum ársreikningsins í þessari skýrslu. Þess í stað vísast í ársreikning félagsins.

### **Lokaorð**

Stjórn OH ehf. telur mikilvægt að unnið verði að því að koma allri starfsemi Orkuveitunnar fyrir á einum stað við Orkustöð. Þar horfa menn til þess að byggt verði verkstæði og skrifstofuhúsnæði. Markmiðið með þessari aðgerð væri að samþætta starfsemina í eina heild til að ná betri yfirsýn yfir reksturinn. Þá er rétt að geta þess að hafin er vinna við stefnumótun fyrirtækisins.

Stjórnin vill að lokum þakka starfsmönnum og eigendum fyrirtækisins fyrir samstarfið á árinu. Stjórnin telur að stigið hafi verið stórt skref til framfara þegar rekstrarfyrirkomulagi Orkuveitunnar var breytt í einkahlutafélag. Þessar rekstrarbreytingar voru nauðsynlegar í því samkeppnisumhverfi sem Orkuveitan starfar í og verður vonandi til þess að fyrirtækið styrkist, viðskiptavinum og eigendum þess til hagsbóta.

F.h. stjórnar Orkuveitu Húsavíkur ehf.

Aðalsteinn Á. Baldursson